



MÝVATN OG LAXÁ

Umhverfismál

Helstu umhverfismál Mývatnssveitar varða orkuvinnslu ásamt eyðingu jarðvegs. Áform um stórvirkjanir í Laxá með tilheyrandi vatnaflutningum og uppistöðulónum leiddu til setningu laga um vernd svæðisins árið 1974, en náttúruannsóknastöð var komið á fót í kjölfarið. Gufuvirkjunin við Kröflu setur mikinn svip á umhverfið. Nokkurt gjallnám er í gíghólum á svæðinu, einkum Jarðbaðshólum. Mikil jarðvegseyðing hefur orðið austan Mývatns og var gróður og landslag í Dimmuborgum í hættu vegna sandfoks um tíma. Ástæður jarðvegseyðingarinnar eru ekki að fullu kunnar en orsakanna er líklega að leita í samspli beitar, loftslagsbreytinga og eldvirkni í Vatnajökli. Unnið er að uppræðslu til að stöðva sandfok.

Ágæti ferðamaður

Hraunmyndanir láta fljótt á sjá ef þær eru brotnar eða á þeim traðkað. Fuglar eru viðkvæmir fyrir truflun. Skiljum aldrei eftir rusl og höldum svæðinu hreinu. Akstur utan vega er óheimill. Virðum náttúruna og þann fjölbreytileika lífs og landslags sem í henni er. Tökum tillit til íbúa svæðisins. Förum varlega á jarðhitasvæðum og njótum dvalarinnar.

Útgefandi: Umhverfisstofnun 2005

Höfundur texta: Árni Einarsson

Lýsing gönguleiða: Friðrik Dagur Arnarson

Ljósmyndir: Jóhann Óli Hilmarsson og Árni Einarsson

Forsíðumynd: Vindbelgjarfjall

Kortagerð: Sigurgeir Skúlason

Kortið er gert samkvæmt gögnum frá Landmælingum Íslands

Ritstjórn: Stefán Benediktsson

Umbrot og prentun: Gutenberg

UST-2005:09



Náttúruvernd

Mývatns- og Laxársvæðið er verndað samkvæmt lögum nr. 97 frá 9. júní 2004. Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd í samræmi við sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þóli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.

Lögin eiga að tryggja vernd líffræðilegrar fjölbreytni á víðáttumiklu vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Ákvæði laganna taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hólum og kvislum, allt að ósi árinna við Skjálfandallóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Auk þess ná lög þessi til eftirtalinna votlendissvæða, ásamt 200 m bakka meðfram vötnum, ám og lækjum: Sortulækjar, Geirastaðahrauns, Sandvatns ytra, Belgjarskógur, Slýja, Neslandatanga, Framengja, Krákár frá Strengjabrekku að Laxá, Grænavatns, Helluvaðsár og Arnarvatns, ásamt votlendi sem því tilheyrir. Þá taka lögin enn fremur til vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár. Mývatn og Laxá eru á skrá um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði samkvæmt Ramsarsáttálanum. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með að náttúru svæðisins sé ekki raskað. Landverðir starfa í Mývatnssveit og veita ferðamönnum aðstoð og fræðslu. Ferðafólk er beðið að fara með gát um viðkvæma náttúruna og forðast að trufla dýralíf. Önnur svæði í Skútustaðahreppi sem lúta sérstakri friðun eru náttúruvættið Skútustaðagígur, Herðubreiðarfriðland og náttúruvættið Askja.

Mývatn

Mývatn um 37 km² að stærð. Það er mjög vogskorið og í því eru um 50 eyjar og hólmar. Meðaldýpi vatnsins er 2,5 m og mesta náttúrulega dýpi aðeins um 4 m. Lífríki Mývatns er einstætt og er nafn vatnsins dregið af þeim aragrúa mys sem þar er. Talið að þar haldi sig fleiri andategundir en á nokkrum öðrum stað á jörðinni. Í Mývatnssveit er fjölbreytni í náttúruferi mikil og landslag sérstætt, enda mólað af miklum eldsumbrotum.

Jarðfræði

Mývatnssveit er á flekamótum jarðskorpufleka, Norður-Ameríku og Evrasíu. Þá rekur í sundur um 2 sm á ári en upp kemur hraunkvika sem fyllir í skarðið, og hefur eldvirkni því verið þar mikil í aldanna rás.

Hverfjall (Hverfell)

Hverfjall (Hverfell) er formfagur gjóskugígur sem gaus fyrir rúmlega 2500 árum. Gígskálin er um 1 km í þvermál milli barma og um 140 m djúpur. Gjóskufflóð hafa borist langar leiðir frá Hverfjalli (Hverfelli). Skriða hljóp úr gígbarminum til suðurs meðan á gosinu stóð og er hringlöggun fjallsins því rofin þeim megin. Gígar af sömu gerð og Hverfjall (Hverfell) eru óvída í heiminum, þó er annar gígur, Lúdentarskál, mun eldri, skammt suðaustur af Hverfjalli (Hverfelli).


Laxárhraun yngra

Fyrir um 2300 árum varð mikið gos á um 12 km langri sprungu suður af Hverfjalli (Hverfelli). Ýmsar sérkennilegar jarðmyndanir eru í þessu hrauni sem nefnt hefur verið Laxárhraun yngra. Mikil gígaröð - Lúdentarborgir - myndaðist á gossprungunni, en þrengslaborgir eru nafn á tveimur áberandi gígum sunnarlega á sprungunni.


Laxárhraun yngra flæddi um meginhluta Mývatnssveitar og lagðist yfir stöðuvatn sem þar var. Hraunið rann niður Laxárdal og náði í sjó fram í Aðaldal. Þar sem vötn og votlendi urðu á vegi hraunsins náðu gufusprengingar víða að mynda gíga. Gígar af þessu lagi nefnast gervíggar því að þeir eru útrásir vatnsgrúfu



Laxá



Laxá



Laxá



Laxá



Laxá



Laxá



Laxá



Laxá



Laxá

en ekki hraunkviku. Þyrpingar formfagurra gervígiga eru allt í kringum Mývatn og einnig í Laxárdal og Aðaldal. Margir gígar eru tvöfaldir og sumir þrefaldir. Stærstu gervígigarnir eru við Vindbelg.

Dimmuborgir

Dimmuborgir eru afar sérstæðar hraunmyndanir í Laxárhrauni yngra. Hrauntjörn hefur myndast meðan á gosinu í Lúdentarborgum stóð. Tjörnin hefur síðan fengið framrás til vesturs í átt að Mývatni en eftir standa háir hraundrangar. Talið er að drangarnir hafi myndast í hrauntjörninni þar sem gufa leitaði upp í gegnum bráðið hraunið og kældi það. Víða má sjá láréttar línur sem mynduðust þegar yfirborð tjarnarinnar seig í áföngum. Sams konar hraunmyndanir og Dimmuborgir finnast á hafsbolti undan ströndum Mexíkós en munu ekki kunnar á þurru landi utan Mývatnssveitar. Hraundrangarnir við Höfða (Klasar og Strípar) eru svipaðar hraunmyndanir og sumir umflotnir vatni.

Kröflueldstöðin

Svæðið umhverfis Leirhnjúk er megineldstöð. Fyrir um 100 þúsund árum var þarna eldkeila sem gaus miklu gosi en seig að því loknu ofan í sjálfa sig. Askjan sem þá myndaðist er nú barmafull af síðari tíma gosefnum og landið því slétt yfir að líta. Undir er þó kvikuhólf á um þriggja km dýpi. Á nokkurra alda fresti verður eldstöðin óvenju virk. Kvika streymir inn í kvikuhólfid sem þenst út og landið rís. Síðan brestur hólfid skyndilega, kvika hleypur neðanjarðar eftir sprungum til norðurs eða suðurs og um leið gliðnar jarðskorpan. Hluti kvikunnar getur spýst upp á yfirborðið í eldgosi. Þegar þrýstingur minnkar í hólfinu sígur landið hratt. Þessi atburðarás endurtekur sig á fárra mánaða fresti í nokkur ár samfleitt. Mývatnseldar hófust árið 1724 með miklu

sprengigosi er myndaði Viti. Næstu árin komu hrinur jarðskjálfta og eldgosa í nágrenni Kröflu. Mesta gosið varð 1729 er hraun rann ofan frá Leirhnjúk niður í Mývatn. Hraunið sem þar brann (Eldhraun) er enn lítt gróið og liggur milli Reykjahlíðar og Grímsstaða. Eldvirkni tók sig upp að nýju við Kröflu (Kröflueldar) árið 1975 eftir tæplega 250 ára hlé. Eldgos urðu þá níu sinnum á jafn mörgum árum.

Lífríki við Mývatn og Laxá


Mývatn varð til þegar Laxárhraun yngra stíflaði farveg Laxár fyrir um 2300 árum. Úrkomuvatn hripar hratt niður í hraunið og kemur fram sem lindarvatn við jaðar þess. Mývatn er eitt þessara lindasvæða. Um 35 rúmmetrar af vatni streyma á hverri sekúndu úr ótal lindum, köldum og volgum við austur- og suðurbakka vatnsins og frá Grænavatni. Þetta vatn er auðugt af steinefnum og er ein meginundirstaða frjóseminnar í Mývatni. Með aðstoð sólarbirtunnar, sem er óvenju mikil á þessu svæði, verður ríkulegur vöxtur kísilþörungna í vatninu en á þeim lífa svo mýlirlur og krabbadýr sem eru mikilsverð áta fugla og fiska. Mývatn er nægilega stórt og vatnsendurnýjun þess máulega hægt til að lífríki blómstri þrátt fyrir að vera í 278 m hæð yfir sjávarmáli. Á vatnsbotninum er urmull af mýtlugulírfum af mörgum tegundum en þær þúpa sig og taka á sig mýflugumynd á vissum tímum sumars, einkum í byrjun júní og ágúst. Karflflugurnar safnast í þetta stroka á vatnsbökkum og yfir hólum og hæðum á lognkryrum dögum. Þessar mýflugur nefnast einu nafni rykmý og eru meinlausar. Laxá fellur úr Mývatni í þremur farvegum, Ystukvísl, Miðkvísl og Syðstukvísl. Áin skoppar í smáfossjum með lögnum pollum á milli, innan um fallega gróna hólma með blágresi, hvönn, sóleyjum og víði. Þarna eru höfuðból húsandar og straumandar og urriðaveiði er ein sú besta í heimi. Vatnið í Mývatni fær oft á sig græn- eða brúnleitan blæ á sumrin og stafar það af bláþörungum í vatninu. Þeir berast út í Laxá ásamt öðrum svífliferum og gruggi úr Mývatni og eru megingrundvöllur tæðukeðjunnar. Laxá er frjósamasta straumvatn á Íslandi. Bitmýslirlur sía efnin úr árvatninu og eru mikilvægasta ætíð í ánni. Kvenflugurnar sjuga blóð úr kvikfé og fólk og fá þannig næringu til æxlunar.



Dimmuborgir




Leirhnjúkur og hraun frá Kröflueldstöðinni




Leirhnjúkur og hraun frá Kröflueldstöðinni




Leirhnjúkur og hraun frá Kröflueldstöðinni



Leirhnjúkur og hraun frá Kröflueldstöðinni



Leirhnjúkur og hraun frá Kröflueldstöðinni



Leirhnjúkur og hraun frá Kröflueldstöðinni



Leirhnjúkur og hraun frá Kröflueldstöðinni



Húsönd



Straumönd



Flórönd

Fuglalíf

Húsönd er einkennisfugl Mývatns og Laxár. Stofninn, um 2000 fuglar, byggir tilvist sína á vatnakerfi Laxár og Mývatns. Húsöndin er staðfugl og heldur til á vökum sem eru allan veturinn á ánni og vatninu. Húsöndin er ein fárra tegunda sem upprunalega eru komnar vestan um haf. Í Klettafjöllum Norður-Ameríku verpir hún í holum trjáum, en við Mývatn býr hún um sig í holum í hrauninu. Einnig er nokkurt varp í fjárhúsum og hlöðum, m.a. í hreiðurkóssum sem sérstaklega hafa verið útbúnir fyrir fuglana.

Stærsta flóröndabyggð landsins er í Mývatnssveit og verpa þar yfir 200 pör að jafnaði. Flóröndin gerir sér flothreiður í gróðri við vatnsbakkann, oftast í runnum sem slúta út í vatnið eða í sefi. Auk flórönda og húsandar eru tvær fuglategundir sem óvída finnast annars staðar hér á landi en við Mývatn og Laxá. Þetta eru hrafnönd og gargönd. Hrafnöndin er kafönd sem einkum sést við vatnið vestanvert. Steggirnir eru auðþekktir á alsvörtum lit. Gargöndin (litla gráönd) er buslönd sem sést á víða um svæðið.

Straumendur finnast um allt land en eru hvergi algengari en á Laxá. Þær halda sig eingöngu í straumvatni á sumrin og sjást ekki á Mývatni. Allar íslenskar tegundir vatnafugla verpa við Mývatn og Laxá. Skúföndin er algengust en duggönd, rauðhöfðaönd, urtónd og toppönd eru einnig algengar. Óðinshnar (nefndir sundhanar við Mývatn) eru einnig mjög algengir. Álfir og grágæsir eru víða og stór álfthópur heldur til á Mývatni yfir sumaríð. Heiðagæsir verpa í hálendisdrögnum sunnan Mývatns en einnig lítillaga við vatnið. Nokkur pör af himbrima (brúsa) og lóm verpa í Mývatnssveit. Hettumáfar og kríur eru algengar og flestallar tegundir vaðfugla, spörfugla og ránfugla finnast á svæðinu. Rjúpur eru einkar algengar og allmörg fálkapör verpa þar, fáein brandugluhljón og nokkrir smyrklar.

Silungurinn

Bleikja er sá fiskur sem mest veiðist af í Mývatni en urriði veiðist þar einnig. Á köldu uppspretusvæðunum í Mývatni er sérstakt bleikjuafbrigði, svonefnd krús, en í hellum í hrauninu eru dvergvaxnar bleikjur, gjáarlontur. Í efri hluta Laxár veiðist einkum urriði en aðeins lítið eitt af

bleikju. Lax gengur í ána neðanverða. Bændur stunda netaveiði í Mývatni sumar og vetur og ganga einnig á dorg síðla vetrar, en í Laxá eru seld stangveiðileyfi.

Atvinnuhættir

Sauðfjárbúskapur hefur verið þýðingarmesti atvinnuvegurinn í Mývatnssveit öldum saman. Hey fékkst úr eyjum og af vatnsbökkum og votlendi og flæðingjar sunnan Mývatns (Framengjar) voru hvað þýðingarmestar, en tún voru lítil. Hey voru flutt heim á sleðum að vetrarlagi en víða má sjá leifar selja þar sem fé var haldið til beitar fjari bæ sumar og vetur. Brennisteinn var numinn af hverasvæðum, t.d. í Námafjalli og Fremrínámum og fluttur út. Hlunnindanýting á sér langa sögu. Silungsveiði hefur verið stunduð frá alda öðli, mikið á dorg á vetrum og lengi vel með fyrirdrætti og heimatilbúnum lagnetjum sumar og haust. Silungurinn er gjarnan „reyðaður“ sem kallað er, þ.e. fluttur og saltaður næturlangt en síðan reyktur við tað (saltreyð). Nýjorpin egg eru tínd úr hreiðrum algengustu fugla.

Kísilgúrverksmiðja var reist í Bjarnarlagi árið 1967 en þar eru kísilrík setlög úr botni Mývatns þurrkuð með jarðgufu. Verksmiðjunnar var lokað í desember 2004. Kröfluvirkjun (1977) nýtir jarðhita við Kröflu til að framleiða raforku. Mývatnssveit er einn helsti ferðamannastaður landsins og er þar fjölbreytt ferðabjónusta.

Hægt er að gista á hótelum og í bændagistingu eða tjalda á merktum tjaldsvæðum. Þar eru einnig veitingastaðir og matvöruverslanir.

Forminjar og þjóðfræði

Tvennar víðkunnar forminjar tengjast Mývatnssveit. Frægt hnefaffi úr kumli við Baldursheim er nú varðveitt á þjóðminjasafninu. Á Hofsstöðum eru menjar 40 metra langs skála frá 10. öld. Af fornköppum er Víga-Skúta nafntogaðastur. Hann átti óxina Flugu sem varð mörgum manni að bana. Af álfum og tröllum fer færri sögum en Skessan Kráka bjó í Bláhvammi utan í Bláfjalli og bjó hún til Kráká til að hefna sín á Mývatningum. Önnur skessa bjó í Skessuhala austan Mývatns en hana dagaði uppi í nökkva sínum á leið frá Mývatni og situr hún enn í Nökkvanum sem svo er nefndur sunnan undir Hverfjalli (Hverfelli). Af draugum er Grímsstaðaskotta nafnenndust. Á nokkrum stöðum eru álagablettir og ýmsir höfðu trú á vatninu í Þangbrandspollu á Skútustöðum en þar skírði Þangbrandur biskup Mývatninga til kristinnar trúar.



Vindbelgjarfjall

Gönguleiðir

Um Mývatnssveit liggja fjölmargar áhugaverðar gönguleiðir. Hér er gefin stutt lýsing á þeim leiðum sem hafa verið merktar.

Vindbelgjarfjall

Leiðin að fjallinu hefst skammt austan við veginn að bænum Vagnbrekku. Um 30 mín. ganga er á fjallið sem er úr móbergi og nær um 529 m hæð yfir sjó. Slóðin er nokkuð brött á köflum en hvergi klífur. Leiðin er fær fyrir flesta og frábært útsýni er yfir sveitina af fjallinu.

Skútustaðagígar

Leiðin liggur umhverfis Stakhólstjörn á Skútustöðum og tekur gangan um eina klukkustund. Einnig er styttri hringleið inn á svæðið vestanvert og tekur 20-30 mín. að ganga hana. Þetta er auðveld ganga um gervigiga og í námunda við fjölbreytt fuglalíf.

Kálfastrandarland

Þetta er hringleið sem hefst skammt innan við hlíðið á heimreiðinni að Kálfaströnd og liggur út í Klasa og síðan til baka að veginum. Þetta er auðveld ganga um sérkennilegar hraunmyndanir og landslag. Oft má sjá silung í vogunum.

Dimmuborgir

Í Borgunum hafa verið merktar nokkrar gönguleiðir með mismunandi litum og má fá bæking yfir þær hjá landvörðum og í upplýsingamiðstöðinni. „Líti hringur“ liggur næst bilastæðinu og tekur 10-15 mín. að ganga hann. „Stóri hringur“ nær lengra inn á svæðið og tekur um hálf tíma að fara hann. „Kirkjuhringur“ er um klukkustundarganga. Mellandahringurinn er hringleið út úr Kirkjuhringnum og tekur um 30 mín. að ganga hann. Allar þessar leiðir eru greiðfærar. Krókastigurinn er erfiðari gönguleið sem er um 40 mín. að ganga.

Stóragjá - Grjótagjá - Hverfell - Dimmuborgir

Leiðin liggur frá vegamótum Þjóðvegjarins austan við vatnið og tekur gangan 2,5-4 tíma. Milli Stóragjár og Grjótagjár er auðveld ganga (30-40 mín). Frá Grjótagjá að Hverfjalli (Hverfelli) er auðveld leið ef farið er með gát. Stigur liggur á Hverfjalli (Hverfelli) að norðvestan, aflíðandi og að sunnan er allbrött slóð. Frá Hverfjalli (Hverfelli) að bilastæði við Dimmuborgir er 30-50 mín. ganga.

Norðurstrandarhringur

Norðurstrandarhringur er hringleið sem tekur um 2-3,5 klst. að ganga. Leiðin liggur frá Þjóðveginum vestast í byggðinni í Reykjahlíð og eftir vatnsbakkanum. Vel má sjá áhrif vatnsins á gróðurinn í hrauninu næst bakkanum. Þegar komið er á móts við Slútnes er gengið að Fagraneshólum. Einnig hægt að hefja ferðina þar ef menn vilja. Frá Fagraneshólum er gengið til Reykjahlíðar. Þetta er létt gönguleið og er talsvert um fuglalíf.

Námafjall

Hverasvæðið austan við Námafjall er eitt mesta brennisteinshverasvæði landsins. Þaðan er stutt en allbrött slóð á fjallið sem er í 485 m hæð yfir sjó. Hægt er að ganga eftir brún fjallsins að Námaskarði en þar liggur slóðin niður að Þjóðveginum og aftur inn á hverasvæðið. Á hverasvæðinu verður að gæta fyllstu varúðar, jarðvegur getur látið undan þunga gangandi manna og hafa menn brennt sig þar illa. Leiðin er frekar auðveld og greiðfær ef þurrt er í veðri, en getur verið hál og varasöm í votviðri.

Leirhnjúkur

Frá bilastæði nálægt Leirhnjúki liggur greiðfær stigur að hnjúknum og tekur 15-20 mín. að ganga að honum. Leiðin liggur síðan um hverasvæði, inn í gíga frá Kröflueldum og upp á háhnjúkinn. Þaðan er farið örstutt til baka, suður og síðan austur fyrir hnjúkinn þar til komið er aftur inn á leiðina að bilastæðinu. Á þessari leið má fá góða mynd af umbrotum Kröflueldanna. Alls tekur ferðin eina til eina og hálf klukkustund. Leiðin er greiðfær ef þurrt er í veðri, en getur verið hál og varasöm í votviðri.

Hófur

Frá hverasvæðinu í Leirhnjúki liggur gönguleið að gígnum Hóf. Hófur er formágur eldgígur frá Mývatnselföldum. Gangan tekur tæpan klukkutíma. Gangið alls ekki upp í né utan á gígnum, gjallið molnar við minnsta átroðning.

Kröfluleiðin (Reykjahlíð - Hlíðarfjall - Leirhnjúkur)

Leiðin liggur frá hringleiðinni um Leirhnjúk og um gíga frá Mývatnselföldum. Þaðan er farið að Hlíðarfjalli, niður með Eldánni og síðan niður að sundlauginni í Reykjahlíð eða að tjaldstæðinu Hlíð. Gangan tekur 3-4 klst. og er leiðin frekar greiðfær.

Hlíðarfjall

Allbrött, merkt leið, af Kröfluleiðinni er á fjallið og tekur gangan 50-60 mín. hvora leið. Af fjallinu, sem nær 771 m hæð, er frábært útsýni inn til jökla og út á sjó.

Dalfjallsleið


Leiðin liggur frá leiðinni um Leirhnjúk. Leiðin liggur eftir Dalfjalli endilöngu með miklu útsýni til allra átta. Hún endar við Þjóðveginum í Námaskarði. Leiðin er fjölbreytileg og gefa eldstöðvar og misgengi í Dalfjalli góða innsýn í langgliðunumina. Leiðin er þó nokkuð erfið og það tekur 3-4,5 tíma að ganga hana.

Víti við Kröflu

Stutt hringleið liggur umhverfis sprengigígn Víti, sem myndaðist árið 1724, að hverasvæði austan gígsins. Leiðin er greiðfær ef þurrt er í veðri, en getur verið hál og varasöm í votviðri. Gangan tekur um klukkutíma.



Skútustaðir



Dimmuborgir



Leirhnjúkur



Hverir

